



Ögrun við launafólk

Stjórn Landssambands Íslenskra Verzlunarmanna mótmælir harðlega þeirri sjálfstöku launa sem á sér stað meðal stjórnenda í íslenskum fyrirtækjum. Allt frá því að kjararáð gaf tóninn með hækkun launa til þingmanna og forstöðumanna stofnana hefur orðið til hlydýpi milli þessara aðila og launafólks.

Þrátt fyrir að ákvörðunum kjararáðs hafi verið mótmælt harðlega og þrátt fyrir að ríkisstjórninni hafi gefist kostur á að leiðrétta þessa óhæfu, þá reyndist hún ekki hafa þann kjark sem til þurfti þegar að á reyndi.

Á sama tíma er því haldið að launafólki að vera hófstíllt í launakröfum til þess að viðhalda stöðugleika í samfélaginu. Það ríkir hins vegar ekki stöðugleiki hjá íslensku launafólki sem þarf á sama tíma að takast á við skerðingar barna- og vaxtabóta og raunlækkunar á persónuafslætti sem ekki fylgir almennri launaþróun og hefur ekki gert í áraraðir.

Slík ögrun verður ekki liðin og mun valda upplausn á almennum vinnumarkaði verði ekkert að gert.

Stjórn LÍV skorar stjórnvöld og stjórnir lífeyrissjóða að vinda ofan af þessari þróun aukinnar misskiptingar.

Reykjavík, 21. mars 2018

Stjórn LÍV

Guðbrandur Einarsson, formaður LÍV og Verzlunarmannafélags Suðurnesja

Kristín M. Björnsdóttir, varaformaður LÍV og formaður deildar verzlunarmanna VR á Austurlandi

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR

Eiður Stefánsson, formaður Félag verzlunar- og skrifstofufólks Akureyri

Hjörtur Geirmundsson, formaður Verzlunarmannafélags Skagafjarðar

Gils Einarsson, formaður deildar verzlunarmanna VR á Suðurlandi

Svanhildur Þórsteinsdóttir